

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1005

Dagsetning: 21. nóvember 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Helgi Þorsteinsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir (sat fundinn undir öllum liðum öðrum en lið 1) og Brjánn Jónasson (sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Elín Eiríksdóttir vefstjóri sat fundinn undir lið 4.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 15. nóvember 2023 samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt um stöðu orlofs hjá læknum hjá HH sem mun fyrnast í lok apríl. Fjallað um stöður félagsráðgjafa hjá HH og hvort tímabært sé að auglýsa stöðu leiðtoga félagsráðgjafa hjá stofnuninni. Einnig umræður um stöðu næringarfræðings sem allar stöðvar gætu haft aðgang að.

4. Nýtt skjalakerfi

Elín Eiríksdóttir vefstjóri kom á fundinn til að kynna nýtt skjalavistunarkerfi. Kerfið er komið í notkun og kennsla fyrir starfsfólk hafin.

5. Fangelsisteymi HH

Rætt um möguleika á að sameina fangelsisteymi HH þannig að eitt teymi veiti bæði heilsugæsluþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu. Markmiðið væri að sameinað teymi verði á fjárlögum. Með þeirri breytingu verður hægt að bjóða upp á aukna þjónustu um helgar. Framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu falið að boða fund með öllum sem hafa með málið að gera innan HH til að undirbúa breytingarnar.

6. Gæðastjóri HH

Rætt um hvort hægt sé að ráða gæðastjóra á skrifstofu HH. Mikil vinna er framundan við að skýra ferla innanhúss.

7. Yfirlýsing vegna þyngdarstjórnunarlyfja

Rætt um breytingu Sjúkratrygginga Íslands reglugerð um kostnaðarþátttöku vegna þyngdarstjórnunarlyfja. Samskiptastjóra var falið að vinna yfirlýsingu með áherslum HH í samráði við framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar ásamt sérfræðingi HH í málaflokknum.

8. Rekstraráætlanagerð 2024

Unnið er að rekstraráætlunum fyrir hverja einingu og ætti þeirri vinnu að vera lokið á næstu tveimur vikum. Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar hefur í framhaldinu áhuga á að gera breytingar á verklaginu til að auðvelda stjórnendum yfirsýn.

9. Samþykkt á reikningum

Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar ræðir um endurskoðun á vinnulagi við samþykktir á reikningum svo smærri reikningar verði samþykktir af þeim sem stofnar til kostnaðar.

10. Fasteignamál

Rætt er um breytingu á skipulagi fasteignamála hjá HH og hvernig hægt er að endurskoða eða endurvinna beiðnakerfið til að koma til móts við þarfir stofnunarinnar.

11. Geðheilsubrú

Vel hefur gengið með geðheilsubrú og áhugi á að auka við starfsemina. Framkvæmdastjórn tekur vel í hugmyndirnar og var framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu falið að skoða málið betur.

12. Staða læknis í Upplýsingamiðstöð

Rætt var um aðkomu læknis í Upplýsingamiðstöð HH til að þróa verklag og styðja við annað starfsfólk. Ákveðið að auglýsa stöðu yfirlæknis á Upplýsingamiðstöð í 20 prósent starfi sem gera má ráð fyrir að vaxi.

13. Heilsuvera

Rætt um samskipti lækna í gegnum Heilsuveru, hvernig hægt er að sinna þessu verkefni og hverjir eiga að sinna því. Málið verður rætt á fundi svæðisstjóra á fimmtudag.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:40.